

Nd.

697. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Á eftir fyrri málsg. 2. gr. laganna komi ein málsgrein, svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra getur sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaðörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.